

# Frjáls för launafólks innan Evrópu

áfangar 1958 > 2006

Alþýðusamband Íslands

Ingvar Sverrisson, lögfræðingur

## Efnisyfirlit:

|   |           |
|---|-----------|
| <b>Formáli</b> .....  | <b>5</b>  |
| <b>I. hluti (1958 – 1984)</b> .....                         | <b>7</b>  |
| <i>Rómarsáttmálinn 1958</i> .....                           | 8         |
| <i>Frjáls för launafólks 1968</i> .....                     | 9         |
| <i>Dvalarleyfi launafólks 1968</i> .....                    | 9         |
| <i>Áframhaldandi dvöl að loknu starfi 1970</i> .....        | 10        |
| <i>Almannatryggingar 1971</i> .....                         | 11        |
| <i>Fyrsta stækkunin 1973</i> .....                          | 11        |
| <i>Sjálfstætt starfandi einstaklingar 1973 - 1975</i> ..... | 12        |
| <i>Viðurkenning starfsréttinda 1978</i> .....               | 12        |
| <i>Önnur stækkun 1981</i> .....                             | 13        |
| <b>II. hluti (1985-1991)</b> .....                          | <b>14</b> |
| <i>Schengen samkomulagið 1985</i> .....                     | 15        |
| <i>Hvítbók framkvæmdastjórnarinnar 1985</i> .....           | 15        |
| <i>Þriðja stækkunin 1986</i> .....                          | 15        |
| <i>Erasmus 1987</i> .....                                   | 16        |
| <i>Einingarlögin 1987</i> .....                             | 16        |
| <i>Schengen framkvæmdasamningur 1990</i> .....              | 17        |
| <i>Aukin dvalarréttindi 1990</i> .....                      | 17        |
| <i>Sameining Þýskalands 1990</i> .....                      | 18        |
| <b>III. hluti (1992-2003)</b> .....                         | <b>19</b> |
| <i>EES-samningurinn 1992</i> .....                          | 20        |
| <i>Innri markaðurinn 1993</i> .....                         | 20        |
| <i>Evrópsk vinnumiðlun 1993</i> .....                       | 21        |
| <i>Maastricht 1993</i> .....                                | 21        |
| <i>Fjórdá stækkunin 1995</i> .....                          | 22        |
| <i>Schengen 1995</i> .....                                  | 22        |
| <i>Útsendir starfsmenn 1996</i> .....                       | 22        |
| <i>Aðgerðaáætlun um frjálst flæði launafólks 1997</i> ..... | 22        |
| <i>Amsterdam 1997</i> .....                                 | 23        |
| <i>Tampere 1999</i> .....                                   | 23        |
| <i>Schengen – Ísland 2001</i> .....                         | 24        |
| <i>Nice 2001</i> .....                                      | 24        |

|   |           |
|---|-----------|
| <i>Læken 2001</i> .....                                 | 25        |
| <i>Evrán 2002</i> .....                                 | 25        |
| <i>Sviss 2002</i> .....                                 | 25        |
| <i>Ríkisborgarar þriðju ríkja 2003</i> .....            | 26        |
| <b>IV. hluti (2004- )</b> .....                         | <b>27</b> |
| <i>Ný tilskipun um dvalarleyfi 2004</i> .....           | 28        |
| <i>Fimmta stækkunin 1. maí 2004</i> .....               | 28        |
| <i>Ísland og fimmta stækkun Evrópusambandsins</i> ..... | 29        |
| <i>Samningar um aðild nýrra ríkja 2005</i> .....        | 29        |
| <i>Viðurkenning starfsréttinda 2005</i> .....           | 29        |
| <i>Innflytjendur með sérþekkingu 2005</i> .....         | 30        |
| <i>Ár hreyfanleika launafólks 2006</i> .....            | 30        |



## Formáli

Með stofnun Efnahagsbandalags Evrópu árið 1957, með aðild Vestur-Þýskalands, Frakklands, Ítalíu, Belgíu, Hollands og Lúxemborg, var lagður grunnur að einum sameiginlegum markaði ríkjanna með vörur, þjónustu og fjármagn auk þess sem frjáls för launafólks milli ríkjanna skyldi tryggð.

Efnahagsbandalagið, sem í dag gengur undir nafninu Evrópusambandið, hefur eins og kunnugt er gengið í gegnum miklar breytingar á þeim nærri 50 árum sem liðin eru frá stofnun þess. Markmið aðildarríkjanna og samvinna þeirra á vettvangi bandalagsins hefur verið endurskoðað með reglubundnum hætti. Þá hefur aðildarríkjum sambandsins fjölgað verulega á þessu tímabili eða úr 6 í 25 með tilheyrandi fjölgun íbúa sem nú telur um 455 milljónir miðað við um 185 milljónir við stofnun þess.

Markmið sambandsins um að tryggja rétt launafólks til frjálsar farar yfir landamæri og atvinnuþátttöku í öðrum aðildarríkjum hafa kallað á ýmsar aðgerðir af þess hálfu, einkum samþykkt reglna þar sem þessi réttindi hafa verið skilgreind nánar. Undir það falla einkum:

- Reglur um rétt launafólks til frjálsrar farar milli aðildarríkjanna, þ.m.t. um bann við mismunun í launum og öðrum starfskjörum á grundvelli þjóðernis.
- Reglur um dvalarréttindi launamanna og fjölskyldna þeirra í öðrum aðildarríkjum.
- Reglur á sviði viðurkenningar starfsréttinda og flutning þeirra milli aðildarríkjanna.
- Reglur er samhæfa almannatryggingakerfi aðildarríkjanna.
- Reglur um samstarf opinberra vinnumiðlana í aðildarríkjunum.

Þessum reglum og ýmsum aðgerðum sem Evrópusambandið beitir sér fyrir á þessu sviði er ætlað að efla traust almennings í aðildarríkjunum á þeim möguleikum sem felast í hinum sameiginlega evrópska vinnumarkaði. Ísland tengdist þessum vinnumarkaði Evrópuríkjanna með aðild sinni að EES-samningum frá 1993.

Í þessu riti sem hér fylgir verða raktir helstu áfangar þessa þáttar í sögu Evrópusambandsins frá árinu 1957 til dagsins í dag.

f.h. Alþýðusambands Íslands,

Ingvar Sverrisson, lögfræðingur,

október 2006



## I. hluti (1958 – 1984)

Á árunum frá 1958 til 1968 voru samþykktar á vettvangi Efnahagsbandalags Evrópu þær reglur sem enn þann dag í dag liggja til grundvallar þeim rétti launafólks að geta farið í atvinnuleit til annarra aðildarríkja, ráðið sig þar til vinnu án þess að þurfa að sækja um leyfi stjórnvalda og atvinnuþátttöku án mismununar í starfskjörum á grundvelli þjóðerni síns.

Ákvæði Rómarsáttmálans frá 1958 um frjálsa för launafólks hafa hér að sjálfsögðu mesta þýðingu en tilskipanir sem samþykktar voru árið 1968 og skýra nánar inntak þessara réttinda hafa verulegu þýðingu þegar kemur að framkvæmd þeirra.

Aðrir merkir áfangar á þessu tímabili er samþykkt almannatryggingareglugerðarinnar árið 1971 og tilskipanir um viðurkenningu starfsréttinda sem samþykktar voru á árunum 1979 til 1985.

Mikil tíðindi eiga sér einnig stað í stjórnmalasögu Evrópu á þessu tímabili þegar efnt er til almennra kosninga til Evrópuþingsins árið 1979. Fram að þeim tíma voru fulltrúar á Evrópuþingið valdir af þjóðþingum aðildarríkjanna. Markar þessi atburður mikilvægt skref í átt til viðurkenningar á þeirri hugmynd að ríkisborgarar aðildarríkjanna eigi tilkall til stjórnmalalegra, borgaralegra og félagslegra réttinda með rætur í sameiginlegri arfleifð og sameiginlegum stofnunum Evrópu.

---

## Rómarsáttmálinn 1958

Rómarsáttmálinn tekur gildi 1958 og leggur grundvöll að stofnun Efnahagsbandalags Evrópu og sameiginlegs markaðar með vörur, þjónustu, fjármagn og vinnuafli.<sup>1</sup> Stofnaðilar Efnahagsbandalagsins eru Vestur-Þýskaland, Frakkland, Ítalía, Belgía, Holland og Luxembúrg.<sup>2</sup>

Um frjálsa för launafólks milli aðildarríkja bandalagsins er fjallað í 48. gr. sáttmálans. Er þar kveðið á um rétt ríkisborgara bandalagsþjóðanna til:

- a. að þiggja atvinnutilboð sem raunverulega eru lögð fram;<sup>3</sup>
- b. að fara að vild í þeim tilgangi um yfirráðasvæði aðildarríkja;
- c. að dveljast á yfirráðasvæði aðildarríkis í atvinnuskyni í samræmi við ákvæði í lögum og stjórnáskilum um starfskjör ríkisborgara þess ríkis;
- d. að dveljast áfram á yfirráðasvæði aðildarríkis eftir að hafa starfað þar.

Mælt er fyrir um að umrætt frelsi feli í sér afnám allrar mismununar milli launafólks í aðildarríkjum sem byggð er á ríkisfangi og lýtur að atvinnu, launakjörum og öðrum starfs- og ráðningarskilyrðum. Á aðildarríkin er lögð sú skylda að tryggja frelsi launafólks til flutninga milli aðildarríkjanna með þeim takmörkunum sem réttlætast af allsherjarreglu, almannaoýggi og almannahilbrigði.

Réttur launafólks til frjálsrar farar er háður ýmsum takmörkunum. Í fyrsta lagi nær þessi réttur einungis til ríkisborgara aðildarríkja og njóta ríkisborgarar þriðju ríkja sem búsettir eru í aðildarríki því ekki þessa réttar. Þá er í öðru lagi gerð krafa um að viðkomandi ríkisborgari sé í ráðningarsambandi eða a.m.k. í atvinnuleit og ná þessar reglur því ekki til þeirra sem eru ekki virkir á vinnumarkaði.

Í Rómarsáttmálanum er kveðið á um að frjáls för launafólks skuli komin á milli aðildarríkjanna eigi síðar en í lok 12 ára aðlögunartíma sem er jafnframt sá frestur sem aðildarríkin setja sér til að koma á hinum sameiginlega markaði Efnahagsbandalags Evrópu.

Rómarsáttmálinn skilgreinir ekki nánar gildissvið þessa réttar, þ.m.t. hve lengi atvinnuleit erlends ríkisborgara á yfirráðasvæði annars ríkis getur staðið yfir, hvernig staðfestingu dvalarréttinda í öðrum aðildarríkjum skuli háttáð o.s.frv. Það verkefni býður síðari reglusetningar árið 1968.

<sup>1</sup> Rómarsáttmálinn er samheiti yfir tvo stofnsamninga sem undirritaðir eru í Róm 25. mars 1957, þ.e. samninginn um Efnahagsbandalag Evrópu og samninginn um Kjarnorkubandalag Evrópu. Rómarsáttmálinn tekur gildi 1. janúar 1958.

<sup>2</sup> Árið 1967 eru þessi bandalög sameinuð undir heitinu Evrópubandalagið með höfuðstöðvar í Brussel í Belgíu.

<sup>3</sup> Sá fyrirvari er gerður að þessi réttur skuli ekki ná til starfa í opinberri þjónustu.



## **Frjáls för launafólks 1968**

Árið 1968 samþykkir Evrópubandalagið reglugerð er skýrir nánar ákvæði Rómarsáttmálans um frjálsa för launafólks innan bandalagsins.<sup>4</sup> Fram kemur í formálsorðum reglugerðarinnar að eftir 12 ára aðlögunartíma varðandi gildistöku reglna um frjálsa för launafólks sé aðildarríkjum bandalagsins óheimilt að mismuna launafólki á grundvelli þjóðernis hvað varðar atvinnu, launakjör og önnur skilyrði er varða vinnu og ráðningar, auk réttar þessa launafólks, að teknu tilliti til takmarkana sem helgast af allsherjarreglu, almannaöryggi og almannaheilbrigði, til að skipta um dvalarstað innan bandalagsins í því augnamiði að hafa launaða atvinnu.<sup>5</sup>

Í formála reglugerðarinnar segir ennfremur að rétturinn til frjálsrar farar sé grundvallarréttur launamanna og fjölskyldna þeirra. Líta beri á réttinn til frjálsrar farar innan sambandsins sem eina af þeim aðferðum sem launamaðurinn hefur til að bæta sinn hag og sín lífsskilyrði og til að stuðla að félagslegri styrkingu (e. promoting his social advancement.) Um leið hjálpar launamaðurinn til við að uppfylla þær kröfur sem efnahagur aðildarríkja gerir. Það beri því að staðfesta enn frekar þennan rétt launamanna til að leita sér atvinnu að eigin vali innan Efnahagsbandalagsins.

Í reglugerðinni eru réttindi launafólks frá öðrum aðildarríkjum staðfest varðandi aðgang að sömu félagslegu og skattalegu hlunnindum og ríkisborgarar gistiríkisins sem og aðgang að starfsþjálfun, húsnæðisréttindi o.fl. Þá er í reglugerðinni mælt fyrir um rétt meðlima fjölskyldu launamanns til að dveljast hjá honum og gerast þátttakendur á vinnumarkaði sem launamenn, jafnvel þó viðkomandi einstaklingar séu ekki ríkisborgarar í einu af aðildarríkjum bandalagsins. Meðal annarra þátta sem fjallað er um í reglugerðinni er samstarf aðildarríkja á sviði vinnumiðlunar og öryggisákvæði vegna ójafnvægis á vinnumörkuðum þeirra.

## **Dvalarleyfi launafólks 1968**

Árið 1968 samþykkir Evrópubandalagið tilskipun um afnám takmarkana á flutningum og búsetu innan bandalagsins gagnvart launþegum og fjölskyldum þeirra.<sup>6</sup> Tilskipuninni er ætlað að afnema ýmsar hindranir í vegi þess að launamenn geti farið í atvinnuleit til annarra aðildarríkja og starfað þar í samræmi við framangreinda reglugerð um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins.

<sup>4</sup> Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 frá 15. október 1968 um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins. Fyrsta reglugerðin á þessu sviði tók gildi 1961 og mælti fyrir um rétt ríkisborgara aðildarríkja til að ráða sig til starfa í öðrum aðildarríkum með sömu réttindum og skyldum og ríkisborgarar viðkomandi ríkja.

<sup>5</sup> Fram til þess tíma þurftu ríkisborgarar Efnahagsbandalags Evrópu að sækja um atvinnu- og dvalarleyfi vildu þeir starfa í öðrum aðildarríkjum líkt og þeir væru ríkisborgarar þriðju ríkja.

<sup>6</sup> Tilskipun ráðsins frá 15. október 1968 um afnám takmarkana á flutningum og búsetu innan bandalagsins gagnvart launþegum aðildarríkjanna og fjölskyldum þeirra nr. 68/360/EBE. Tilskipunin var samþykkt 15. október 1968.

Tilskipunin mælir fyrir um rétt launamanna til að koma til annarra aðildarríkja með framvísun persónuskilríkja eða vegabréfs við landamæri aðildarríkja en án þess að þurfa að leggja fram vegabréfsáritun (visa) eða uppfylla aðrar sambærilega kröfur.

Aðildarríkjum er skylt samkvæmt tilskipuninni að staðfesta rétt ríkisborgara annarra aðildarríkja til dvalar á yfirráðasvæði sínu með útgáfu dvalarleyfis með a.m.k. 5 ára gildistíma og rétti til sjálfkrafa endurnýjunar. Í tilskipuninni er þó kveðið á um að í þeim tilvikum þegar launamaður er ráðinn til lengri tíma en þriggja mánaða, en þó ekki lengur en eins árs, hjá vinnuveitanda í öðru aðildarríki eða til starfa hjá aðila sem veitir þjónustu, þá megi takmarka dvalarleyfi miðað við áætlaðan ráðningartíma. Ekki er nauðsynlegt að sækja um dvalarleyfi ef ráðningartími er skemmri en þrjú mánuðir. Þá er mælt fyrir um bann við afturköllun dvalarleyfis einungis vegna þess að launamaður er ekki lengur í ráðningarsambandi - annað hvort vegna þess að hann er tímabundið óvinnufær vegna veikinda eða slyss, eða vegna þess að honum hefur verið sagt upp störfum.

Í tilskipuninni er einnig fjallað um rétt ákveðinna meðlima fjölskyldu launamanns til að dvelja með honum í aðildarríki þar sem hann starfar. Ekki má víkja frá ákvæðum tilskipunarinnar nema á grundvelli ástæðna er varðar allsherjarreglu, öryggi eða heilsu almennings.

### **Áframhaldandi dvöl að loknu starfi 1970**

Árið 1970 samþykkir Evrópubandalagið reglugerð er tryggir eftirtöldum hópum rétt til að dveljast til frambúðar á yfirráðasvæði annars aðildarríkis:<sup>7</sup>

a. Launamanni sem við lok starfsævi sinnar hefur náð eftirlaunaaldri samkvæmt lögum þess aðildarríkis og hefur starfað í því ríki síðastliðna tólf mánuði hið minnsta og verið búsettur þar samfelld í meira en þrjú ár.

b. Launamanni sem hættir starfi vegna þess að hann varð varanlega óvinnufær eftir að hafa verið búsettur í aðildarríki í meira en tvö ár samfelld. Engin skilyrði eru sett um búsetutíma hafi hann orðið óvinnufær vegna vinnuslyss eða atvinnusjúkdóms og eigi þar með rétt til lífeyris sem stofnun í aðildarríkinu er að hluta til eða að öllu leyti ábyrg fyrir.

c. Launamaður sem eftir þriggja ára samfelldan starfs- og búsetutíma á yfirráðasvæði þess ríkis starfar á yfirráðasvæði annars EES-ríkis, en er búsettur í fyrra ríkinu sem hann hverfur til daglega eða að minnsta kosti einu sinni í viku.

Aðstandendur launamanns sem eru búsettir hjá honum á yfirráðasvæði aðildarríkis eiga rétt á búsetu þar til frambúðar, jafnvel eftir fráfall hans, enda hafi launamaðurinn öðlast rétt til að dveljast áfram á yfirráðasvæði þess ríkis samkvæmt framansögðu.

---

<sup>7</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1251/70.

## **Almannatryggingar 1971**

Árið 1971 samþykkir Evrópubandalagið reglugerð um samhæfingu almannatryggingakerfa aðildarríkjanna í því skyni að stuðla að aukinni tiltrú launafólks á þeim möguleikum sem bjóðast með atvinnuleit og atvinnuþátttöku á vinnumörkuðum annarra ríkja Evrópubandalagsins.<sup>8</sup>

Í formála reglugerðarinnar segir m.a. að samhæfing á löggjöf einstakra aðildarríkja um félagslegt öryggi hafi áhrif á frelsi launafólks sem eru ríkisborgarar aðildarríkjanna til að flytjast á milli þeirra. Þeim sé þannig ætlað að stuðla að bættum lífskjörum og starfsskilyrðum launafólks með því að tryggja, í fyrsta lagi, að innan bandalagsins séu allir ríkisborgarar aðildarríkjanna jafnir að lögum og, í öðru lagi, að almannatryggingabætur til handa launafólki og þeim sem eru á þeirra framfæri séu óháðar vinnustað eða búsetu.

Reglugerðin samhæfir eins og áður segir en samræmir ekki almannatryggingakerfi aðildarríkja Evrópubandalagsins. Hvert aðildarríki ákveður því eftir sem áður gildissvið eigin almannatrygginga, fjármögnun þeirra, bótafjárhæðir, skilyrði fyrir greiðslu bóta o.s.frv.

Sú samhæfing sem reglugerðin mælir fyrir um nær til bóta almannatrygginga vegna veikinda, meðgöngu og fæðinga, lífeyris vegna örorku, elli eða andláts, vinnuslysa og atvinnusjúkdóma, styrkja vegna andláts, atvinnuleysisbóta, fjölskyldubóta og bóta vegna barna sem eru á framfæri lífeyrisþega eða hafa misst annað eða báða foreldra sína.

Reglugerðin byggir einkum á þremur meginreglum; jafnræðisreglunni sem á að tryggja að launþegar standi jafnfætis ríkisborgurum þess lands sem þeir vinna eða dvelja í hvað varðar greiðslur almannatrygginga og aðgang að þeim, samlagningarreglunni sem á að tryggja að launþegar missi ekki áunnin réttindi eða önnur réttindi sem þeir gætu átt rétt á í eigin landi, þó að viðkomandi flytjist til annars aðildarríkis og útflutningsreglunni sem á að tryggja að bætur almannatrygginga séu greiddar hvar sem er innan svæðisins.

## **Fyrsta stækkunin 1973**

Í janúar 1973 bætast Danmörk, Írland og Bretland í hóp aðildarríkja Evrópubandalagsins.<sup>9</sup> Aðildarríki bandalagsins eru þá orðin níu talsins.

<sup>8</sup> Reglugerð nr. 1408/71/EBE um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja. Reglugerðin byggir á heimild í 51. gr. Rómarsáttmálans þar sem mælt er fyrir um að ráðherraráðið skuli á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar samþykkja reglur á sviði almannatrygginga sem nauðsynlegar séu til að stuðla að frjálsi för launafólks. Sjá einnig reglugerð nr. 574/72/EBE frá 21. mars 1972 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71.

<sup>9</sup> Ríkin þrjú lögðu upphaflega fram umsóknir sínar um aðild árið 1961. Noregur sótti um aðild að Efnahagsbandalaginu í apríl 1962. Norðmenn höfnuðu aðild að bandalaginu í þjóðaratkvæðagreiðslu í september 1972. Aðild Noregs að bandalaginu árið 1994 hlaut sömu örlög.

## **Sjálfstætt starfandi einstaklingar 1973 - 1975**

Á árunum frá 1973 til 1975 er sjálfstætt starfandi einstaklingum veitt heimild til frjálsar farar og atvinnustarfsemi í aðildarríkjum innan Evrópubandalagsins með samþykkt tilskipana 73/148/EBE<sup>10</sup> og 75/34/EBE.<sup>11</sup>

Í tilskipun 73/148/EBE er mælt fyrir um að aðildarríkjum beri að afnema höft á flutningum og búsetu ríkisborgara aðildarríkis sem hafa eða vilja öðlast staðfestu í öðru aðildarríki sem sjálfstætt starfandi einstaklingar, eða sem vilja veita þjónustu í því ríki. Sama skuli eiga við maka þeirra og börn undir tuttu og eins árs aldri, óháð ríkisfangi þeirra, ættmenni slíkra ríkisborgara og maka þeirra, að feðgatali og niðja sem eru á þeirra framfæri, óháð ríkisfangi þeirra.

Í tilskipun 75/34/EBE er fjallað um rétt ríkisborgara aðildarríkis til að dveljast áfram á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eftir að hafa starfað þar sjálfstætt. Samkvæmt henni ber aðildarríkjunum að afnema höft á rétti til að dveljast áfram á yfirráðasvæðum þeirra gagnvart ríkisborgurum annars aðildarríkis sem hafa stundað starfsemi sem sjálfstætt starfandi einstaklingar á yfirráðasvæði þeirra og gagnvart aðstandendum þeirra, sbr. tilskipun 73/148/EBE.

## **Viðurkenning starfsréttinda 1978**

Í Rómarsáttmálanum er kveðið á um að á vettvangi Efnahagsbandalagsins skulu reglur samþykktar um viðurkenningu aðildarríkja á prófgráðum og öðrum vitnisburðum um menntun ríkisborgara hvors annars. Reglur um frjálsa för launafólks duga skammt ef ekki er gert ráð fyrir því að aðildarríki taki tillit til menntunar og prófgráða sem ríkisborgarar annarra aðildarríkja hafa aflað í sínu heimaríki.

Á árunum frá 1978 til 1985 eru samþykktar fjórar sértilskipanir er varða viðurkenningu starfsréttinda heilbrigðisstarfsmanna auk tveggja annarra tilskipana.<sup>12</sup> Á árunum 1989 og 1992 eru samþykktar tvær almennar tilskipanir á þessu sviði, ein er mælir fyrir um almenna viðurkenningu menntunar á háskólastigi og önnur er kveður á um viðurkenningu starfsréttinda á grundvelli a.m.k. þriggja ára starfsreynslu.<sup>13</sup>

<sup>10</sup> Tilskipun ráðsins 73/148/EBE frá 21. maí 1973 um afnám hafta á flutningum og búsetu innan bandalagsins gagnvart ríkisborgurum aðildarríkja að því er varðar staðfestu og þjónustustarfsemi.

<sup>11</sup> Í tilskipun ráðsins (75/34/EBE) frá 17. desember 1974 um rétt ríkisborgara aðildarríkis til að dveljast áfram á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eftir að hafa starfað þar sjálfstætt.

<sup>12</sup> Hjúkrunarfræðingar, sbr. tilskipanir 77/452 og 453, Tannlæknar, sbr. tilskipanir 78/686 og 678, ljósmæður, sbr. tilskipun 80/156, hárgreiðslumeistarar, sbr. tilskipun 82/489, arkitektar, sbr. tilskipun 85/384 og lyfjafræðingar, sbr. tilskipanir 85/452 og 453.

<sup>13</sup> Tilskipanir 89/48 og 92/51.

## **Önnur stækkun 1981**

Í janúar árið 1981 tekur aðild Grikklands að Evrópubandalaginu gildi.<sup>14</sup> Grikklandi verður tíunda aðildarríki bandalagsins.

---

<sup>14</sup> Á þessum tíma var staða efnahagsmála í Grikklandi mjög slök í samanburði við önnur aðildarríki. Af þeim ástæðum meðal annars var gildistöku reglna um frjálsa för launafólks frestað um sex ár.

## II. hluti (1985-1991)

Það sem ber helst til tíðinda á árunum frá 1985 til 1991 er undirritun Schengen samkomulagsins árið 1985 og samþykkt Einingarlaganna árið 1987.

Schengen samkomulagið, sem upphaflega er gert án aðkomu Evrópubandalagsins, með þátttöku fimm aðildarríkja þess, var gert í þeim tilgangi að hraða þróun í átt til raunverulegs frelsis einstaklinga til að ferðast hindrunarlaust á milli hlutaðeigandi ríkja. Samkvæmt samkomulaginu skyldi þessu frelsi náð með því að afnema vegabréfaeftirlit á innri landamærum ríkjanna og upptöku sameiginlegs eftirlits á ytri landamærum þeirra. Samkomulagið kom að fullu til framkvæmda 10 árum síðar árið 1995 en árið 1997 var efni þess samkvæmt ákvæði í Amsterdam sáttmálanum tekið upp í stofnlög Evrópusambandsins.

Einingarlögin frá 1987 gegna mikilvægu hlutverki í stjórnmalasögu Evrópusambandsins, en samþykkt þeirra og sú áskorun sem Hvítbók framkvæmdastjórnar sambandsins frá árinu 1985 hafði að geyma, er undirstaðan að hinum innri markaði Evrópu sem komið var á 1. janúar 1993.

Tímabilið er fyrst og fremst tími mikillar gerjunar í stjórnmalasögu Evrópu, sbr. fall Berlínarmúrsins árið 1989 og sameining þýsku ríkjanna árið 1990.

Þá fjölgar í hópi aðildarríkja sambandsins á þessu tímabili með aðild Spánar og Portúgals.

Ákveðin vatnaskil verða árið 1990 með samþykkt tilskipana sem tryggja eiga einstaklingum sem látið hafa af störfum vegna aldurs, námsmönnum og þeim sem ekki eru virkir á vinnumarkaði, rétt til dvalar í öðrum aðildarríkjum, með fyrirvara um að viðkomandi einstaklingar hafi næg fjárráð svo þeir verði ekki byrði á almannatryggingakerfi viðkomandi ríkja.

## **Schengen samkomulagið 1985**

Árið 1985 gera Þýskaland, Belgía, Frakkland, Luxembourg og Holland með sér samkomulag um að afnema í áföngum eftirlit með för einstaklinga á sínum innri landamærum. Í stað þess skuli komið á sameiginlegu eftirliti með för einstaklinga á ytri landamærum ríkjanna.<sup>15</sup> Samkomulagið er kennt við borgina Schengen í Luxembourg þar sem það var undirritað 14. júní 1985.<sup>16</sup> Samkomulag ríkjanna er upphaflega gert utan ramma Evrópusambandsins og kemur að fullu til framkvæmda árið 1995.

Árið 1997 eru þær reglur sem kenndar eru við Schengen og ákvarðanir aðildarríkja þess frá árinu 1985 teknar upp í stofnlög Evrópusambandsins á grundvelli Amsterdamsáttmálans. Tekur sú breyting gildi 1. maí 1999.

## **Hvítbók framkvæmdastjórnarinnar 1985**

Undir lok áttunda áratugar síðustu aldar er mönnum orðið það almennt ljóst að markmið Efnahagsbandalags Evrópu um sameiginlegan markað með vörur, þjónustu, fjármagn og frjálsa för einstaklinga hafa ekki náðst nema að takmörkuðu leyti. Þessu til staðfestingar eru nefndar miklar biðraðir fólks og flutningabíla á landamærum aðildarríkjanna, tæknilegar viðskiptahindranir, takmarkanir á þátttöku í opinberum útboðum o.m.fl.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gefur út árið 1985 Hvítbók sem hefur að geyma greiningu á stöðunni og upptalningu á 300 ráðstöfunum sem hún telur nauðsynlegar ef takast eigi að koma á raunverulegum sameiginlegum markaði. Því markmiði er gefið nýtt heiti “innri markaðurinn” (e. single market) þar sem ríkja á raunverulegt frelsi í viðskiptum með vörur, þjónustu og fjármagn og frjáls för einstaklinga tryggð.<sup>17</sup>

## **Þriðja stækkunin 1986**

Aðild Spánar og Portúgals að Evrópubandalaginu tekur gildi árið 1986. Fjöldi aðildarríkja er þá komin í tólf.<sup>18</sup> Gildistöku reglna um frjálsa för launafólks frá þessum ríkjum er frestað um sjö ár en sá tími seinna stytur í sex ár.

Eldri aðildarríkjum er heimilað að hefja frjálsa för launafólks frá nýju aðildarríkjunum telji þau slíkar ráðstafanir nauðsynlegar til að takast á við alvarleg og viðvarandi efnahagsleg áföll í ákveðnum atvinnugreinum eða á tilteknum landsvæðum.<sup>19</sup>

<sup>15</sup> Ítalía bættist í hóp aðildarríkja samkomulagsins árið 1990, Spánn og Portúgal árið 1991, Grikkland árið 1992, Austurríki árið 1995 og Svíþjóð, Finnland og Danmörk árið 1996.

<sup>16</sup> Árið 1990 er undirritaður samningur milli sömu ríkja um nánari framkvæmd Schengen-samkomulagsins, nefndur Schengen-samningurinn.

<sup>17</sup> Sjá nánar: Completing the Internal Market, White Paper from the Commission to the European Council, 14 June 1985, COM (85) 310 final.

<sup>18</sup> Aðildarumsóknir þessara ríkja voru lagðar fram árið 1977.

## **Erasmus 1987**

Erasmus áætluninni er hrundið af stað í júní 1987.<sup>20</sup> Áætlunin hefur það að markmiði að stuðla að hreyfanleika námsmanna og kennara á háskólastigi milli aðildarríkanna.<sup>21</sup>

Erasmus áætlunin er síðan felld undir Sókrates áætlunina sem hleypt var af stokkunum árið 1995. Sókrates áætlunin er annað heiti á stefnumótun Evrópusambandsins á sviði menntamála. Í dag eiga öll aðildarríki Evrópusambandsins aðild að henni, auk Íslands, Noregs og Liechtenstein.<sup>22</sup> Markmið áætlunarinnar er að stuðla að uppbyggingu Evrópu á grundvelli þekkingar þannig að ríkin séu í stakk búin til að mæta áskorunum nýrrar aldar. Meðal þess sem hún leggur áherslu á er að stuðla að námi fólks alla ævi, að allir hafi aðgengi að menntun og að fólki sé hjálpað til að afla sér viðurkenndra réttinda og starfshæfni auk þess sem hvatt er til að kennslu í erlendum tungumálum og hreyfanleika fólks milli ríkja.

Framlag Erasmus (Sókrates) áætlunarinnar til eflingar á frjálsri för einstaklinga felst einkum í því, að um leið og hún stuðlar að hreyfanleika námsmanna og kennara milli aðildarríkja þá skapar hún vitund innan háskólasamfélagsins um hina sameiginlegu evrópsku arfleið og framtíð hennar. Talið er að frá árinu 1987 hafi meira en ein milljón Evrópubúa sótt nám af einhverju tagi í öðrum aðildarríkjum með stuðningi frá Erasmus-áætluninni.

## **Einingarlögin 1987**

Árið 1987 samþykkir Evrópusambandið lög er fela í sér fyrstu meiriháttar breytingu á stofnlögum Efnahagsbandalags Evrópu frá stofnun þess.<sup>23</sup> Ganga lög þessi undir heitinu Einingarlög (SEA).

Á grundvelli Einingarlaganna er Evrópuþinginu veitt aukið vægi auk þess sem meðferð mála í tilteknum málaflokkum í ráðherraráði bandalagsins er gerð skilvirkari með samþykkt nýrra reglna um afgreiðslu mála á grundvelli aukins meirihluta. Sú breyting nær þó ekki til reglna er varða frjálsa för launafólks.

Lögin hafa að geyma yfirlýsingu um stofnun innri markaðar Evrópu sem skilgreintr er sem svæði án landamæra þar sem frjálst flæði vöru, þjónustu, fólks og fjármagns er tryggt. Skuli þessu markmiði náð eigi síðar en í lok árs 1992. Endurspeglar þetta markmið áskorun

---

<sup>19</sup> Sams konar ákvæði mun hafa verið sett í aðildarsamning Grikklands að sambandinu árið 1981.

<sup>20</sup> Erasmus er skammstöfun fyrir "European Community Action Scheme for the Mobility of University Students".

<sup>21</sup> Upplýsingasíður um Erasmus og Sókrates áætlunina á Íslandi; <http://www.europass.is/page/erasmus> og Evrópu; [http://europa.eu.int/comm/education/programmes/socrates/erasmus/what\\_en.html](http://europa.eu.int/comm/education/programmes/socrates/erasmus/what_en.html)

Sjá einnig [http://ec.europa.eu/dgs/education\\_culture/index\\_en.html](http://ec.europa.eu/dgs/education_culture/index_en.html)

<sup>22</sup> Búlgaría, Rúmenía og Tyrkland eiga einnig aðild að henni, sem væntanlegir aðilar að Evrópusambandinu.

<sup>23</sup> Einingarlögin [e. Single European Act] eru undirrituð í febrúar árið 1986 og taka gildi 1. júlí 1987.



framkvæmdastjórnar bandalagsins til aðildarríkjanna sem settar voru fram í áður nefndri Hvítbók hennar frá árinu 1985.

Aukið er við verkefni sambandsins og stofnanir þess endurskoðaðar. Þá er fyrstu skref stigin í átt til aukins samruna aðildarríkjanna á stjórn málasviðinu og að stofnun sameiginlegs efnahags- og myntbandalags Evrópu sem að lokum var komið á með undirritun Maastricht sáttmálans árið 1992.<sup>24</sup>

## **Schengen framkvæmdasamningur 1990**

Árið 1990 er samþykktur viðauki við Schengen samkomulagið frá 1985.<sup>25</sup> Viðaukinn staðfestir það álit aðildarríkja Schengen að samhliða auknu frelsi einstaklinga til að ferðast á milli þeirra án eftirlits á innri landamærum þeirra og dvelja í öðrum aðildarríkjum verði að koma ákveðnar öryggisráðstafanir. Meðal þess sem gert er til að stuðla að auknu öryggi á þessu sviði er stofnun svokallaðs Schengen upplýsingakerfis.<sup>26</sup>

## **Aukin dvalarréttindi 1990**

Í júní 1990 eru samþykktar þrjár nýjar tilskipanir með vísan til þeirra breytinga sem gerðar voru á stofnlögum bandalagsins á grundvelli Einingarlaga árið 1987. Tilskipunum er ætlað að tryggja rétt þeirra sem ekki eru virkir á vinnumarkaði til löglegrar búsetu í gistiríki. Hér er um að ræða (1) þá sem látið hafa af störfum vegna aldurs (90/365/EBE)<sup>27</sup>, (2) námsmenn (90/366/EBE)<sup>28</sup> og (3) þá sem njóta ekki búseturéttar samkvæmt öðrum ákvæðum laga bandalagsins (90/364/EBE).<sup>29</sup> Samþykkt tilskipananna er liður í þeim áformum bandalagsins að koma hinum innri markaði í Evrópu á eigi síðar en í lok árs 1992.

Í tilskipun 90/364/EBE segir að aðildarríkin skulu veita búseturétt ríkisborgurum aðildarríkjanna sem ekki njóta þessa samkvæmt öðrum ákvæðum laga/tilskipana bandalagsins, og aðstandendum þeirra, að því tilskildu að þeir og aðstandendurnir séu sjálfir tryggðir sjúkratryggingu gegn allri áhættu í gistiríkinu og að þeir hafi nægileg fjárráð svo þeir verði ekki byrði á almannatryggingakerfi gistiríkisins á búsetutímabilinu.

<sup>24</sup> Inn í sáttmálann kemur ný grein 118a, svohljóðandi: "Member States shall pay particular attention to encouraging improvements, especially in the working environment, as regards the health and safety of workers, and shall set as their objective the harmonization of conditions in this area, while maintaining the improvements made."

Þá er í grein 118b mælt fyrir um að framkvæmdastjórnin skuli leitast við þróa viðræðugrundvöll milli aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu sem geti leitt, telji báðir aðilar það fýsilegt, samninga.'

<sup>25</sup> Schengen Implementing Agreement.

<sup>26</sup> Schengen Information System (SIS).

<sup>27</sup> Tilskipun frá 28. júní 1990 um búseturétt launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga sem hafa látið af störfum nr. 90/365/EBE.

<sup>28</sup> Tilskipun frá 28. júní 1990 um búseturétt námsmanna nr. 90/366/EBE.. Búseturétturinn takmarkast við lengd umrædds náms.

<sup>29</sup> Tilskipun frá 28. júní 1990 um búseturétt nr. 90/364/EBE.

## **Sameining Þýskalands 1990**

Austur og Vestur Þýskaland eru sameinuð 3. október 1990. Áætlað er að um tvær milljónir manna hafi flust frá Austur Þýskalandi til Vestur Þýskalands á árunum um og eftir 1989.<sup>30</sup>

---

<sup>30</sup> Nánar má lesa um sameiningu þýsku ríkjanna á <http://www.dw-world.de/dw/article/0,1564,1687204,00.html>

### III. hluti (1992-2003)

Tímabilið frá 1992 til 2003 er sögulegt fyrir margra hluta sakir, ekki síst vegna undirritunar EES-samningsins árið 1992. Samningurinn tengir EFTA-ríkin, Noreg, Ísland og Liechtenstein, við hinn sameiginlega markað Evrópu. Líkt og Rómarsáttmálinn frá 1958 mælir EES-samningurinn fyrir um stofnun sameiginlegs markaðar þar sem ríkja skal frelsi í flutningum á vöru, þjónustu og fjármagni sem og frjáls för launafólks.

Á grundvelli þessa samnings eru EES-gerðir á sviði frjálsrar farar, dvalarréttinda, almannatrygginga, viðurkenningar starfsréttinda, auk annarra gerða sem falla undir samningssvið EES-samningsins, teknar upp í íslensk lög.

Ísland gerist fullgildur þátttakandi í Schengen samstarfinu árið 2001.

Á þessu tímabili eiga sér stað einnig miklar breytingar á stofnlögum Evrópusambandsins, fyrst með samþykkt Maastricht sáttmálans árið 1993, þá með Amsterdam-sáttmálanum árið 1997 og að síðustu með Nice-sáttmálanum árið 2001.

Aukinn þungi er settur í samstarf aðildarríkjanna á sviði efnahags- og félagsmála árið 2000 með samþykkt Lissabon áætlunarinnar. Markmið hennar er að efla atvinnu í Evrópusambandinu, nývæða efnahagskerfið og styrkja félagslega samhæfingu í Evrópu sem verði grundvölluð á þekkingu.

## **EES-samningurinn 1992**

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) er undirritaður í borginni Óportó í Portúgal 2. maí 1992 og honum veitt fullt lagagildi hér á landi með lögum um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993.<sup>31</sup> Aðild að samningnum eiga aðildarríki Evrópubandalagsins (sem þá voru 12 talsins) annars vegar og Noregur, Ísland, Liechtenstein, Finnland og Svíþjóð hins vegar.<sup>32</sup>

Reglur Evrópubandalagsins sem falla að samningssviði EES-samningsins, þ.m.t. þær sem lúta að frjálsi för launafólks,<sup>33</sup> réttindum launafólks á vinnumarkaði, almannatryggingum og reglum um viðurkenningu starfsréttinda, eru lögfestar hér á landi. Meginefni þessara reglna á rætur til stefnumótunar og ákvarðana Evrópusambandsins á árunum frá 1958 til 1978.<sup>34</sup>

EES-samningnum fylgir sérstök yfirlýsing þar sem ríkisstjórn Íslands áskilur sér rétt vegna einhæfs atvinnulífs og fámennis að grípa til öryggisráðstafana ef af framkvæmd samningsins leiðir alvarlega röskun jafnvægis á vinnumarkaði vegna meiri háttar flutninga starfsfólks sem beinast að sérstökum svæðum, störfum eða atvinnugreinum. Þessum rétti verði þó beitt í samræmi við skyldur Íslands samkvæmt samningnum.

## **Innri markaðurinn 1993**

Innri markaði Evrópu er komið á 1. janúar 1993. Innri markaðurinn er byggður á meginreglum hins sameiginlega markaðar sem stofnað var til árið 1958 en er skilgreindur sem skref í átt til aukins samruna aðildarríkjanna á viðskiptasviðinu. Innri markaðurinn stendur fyrir það markmið sambandsins að tryggja enn frekar frjálst flæði vöru, þjónustu og fjármagns og frjálsa för fólks milli aðildarríkjanna. Þannig megi skapa einstaklingum, fyrirtækjum og aðildarríkjunum aukin efnahagslegan ávinning.<sup>35</sup>

Á þessum árum er réttur fyrirtækja til þátttöku í opinberum útboðum þvert á landamæri tryggður, takmörkuð samræming á sviði óbeinna skatta og vörugjalda á sér stað, frelsi er

<sup>31</sup> Sjá frumvarp til laga um Evrópska efnahagssvæðið og umræður á Alþingi á vefslóðinni: <http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=116&mnr=1>

<sup>32</sup> Finnland og Svíþjóð ganga tveimur árum síðar í Evrópusambandið.

<sup>33</sup> Sjá hér lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 47/1993.

<sup>34</sup> Í formála EES-samningsins segir að aðilar hans séu sannfærðir um að Evrópskt efnahagssvæði muni stuðla að uppbyggingu Evrópu á grundvelli friðar, lýðræðis og mannréttinda. Markmið samningsaðila sé að mynda öflugt og einsleitt Evrópskt efnahagssvæði er grundvallist á sameiginlegum reglum og sömu samkeppnisskilyrðum, tryggri framkvæmd, meðal annars fyrir dómstólum, gagnkvæmni og heildarjafnvægi hagsbóta, réttinda og skyldna samningsaðila. Samningsaðilar lýsa yfir þeim ásetningi sínum að beita sér fyrir því að frelsi til vöruflutninga, fólksflutninga, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutninga verði sem víðtækast á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Þá segir að samningsaðilum sé ljós mikilvægi framþróunar í félagsmálum, þ. á m. í jafnréttismálum karla og kvenna og láta í ljós vilja sinn til að tryggja efnahagslegar og félagslegar framfarir, skapa skilyrði fyrir fullri atvinnu, bættum lífskjörum og bættum starfsskilyrðum á Evrópska efnahagssvæðinu.

<sup>35</sup> Upplýsingasíða framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um innri markaðinn: [http://ec.europa.eu/internal\\_market/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/internal_market/index_en.htm)

innleitt í gjaldeyrismálum og á fjármálamörkuðum aðildarríkjanna, vegabréfaskoðanir á innri landamærum Evrópusambandsins eru afnumdar, nýjar reglur eru settar um viðurkenningu starfsréttinda og félagaölggjöf samræmd svo nokkur dæmi séu nefnd.

### **Evrópsk vinnumiðlun 1993**

Árið 1993 er sérstöku samstarfsverkefni opinberra vinnumiðlana í aðildarríkjunum hleypt af stokkunum með stofnun miðlægrar vinnumiðlunar. (European Employment Services, Eures). Er henni ætlað það hlutverk að auka flæði upplýsinga milli atvinnuleitanda og atvinnurekanda í aðildarríkjum Evrópusambandsins.<sup>36</sup>

Á heimasíðu Eures fæst aðgangur að gagnabanka með upplýsingum um störf sem skráð eru laus til umsóknar hjá opinberum vinnumiðlunum aðildarríkjanna. Þá geymir hún upplýsingar um búsetu- og starfsskilyrði í aðildarríkjum Evrópusambandsins. Í dag eiga 28 ríki aðild að þessu samstarfsverkefni, þ.e. öll ríki Evrópusambandsins, auk Noregs, Íslands og Sviss.<sup>37</sup>

### **Maastricht 1993**

Breytingar eru gerðar á stofnlögum sambandsins árið 1992 með samþykkt Maastricht sáttmálans. Maastricht sáttmálinn er undirritaður 7. febrúar 1992 og kemur til framkvæmda 1. nóvember 1993. Með sáttmálanum er samstarfi aðildarríkjanna gefið nýtt heiti og gengur það framvegis undir heitinu Evrópusambandið.<sup>38</sup>

Maastricht sáttmálinn kynnir til sögunnar nýja tegund ríkisborgararéttar sem sækir uppruna sinn og efni til stofnlaga Evrópusambandsins. Þannig segir í 8. gr. sáttmálans að ríkisborgarar aðildarríkja sambandsins séu jafnframt ríkisborgarar Evrópusambandsins.<sup>39</sup>

Framlag Maastricht sáttmálans hvað varðar frjálsa för felst einkum í því að horfið er frá þeirri skilgreiningu hugtaksins sem byggir á því að áform um atvinnuþátttöku í öðrum aðildarríkjum verði að liggja til grundvallar réttinum til frjálsrar farar og í stað tekin upp almennari skilgreining sem leggur áherslu á að réttur til frjálsrar farar og dvalar í öðrum ríkjum sé fyrst og fremst byggður á samevrópskum ríkisborgararétti sem eigi rætur að rekja til stofnlaga Evrópusambandsins.

<sup>36</sup> Heimasíða Eures: <http://europa.eu.int/eures/home.jsp?lang=en>.

<sup>37</sup> Sjá nánar II. hluta reglugerðar um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 1612/68/EBE. Sjá einnig ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 93/569/EBE. Commission Decision of 22 October 1993 on the implementing of Council Regulation (EEC) No 1612/68 on freedom of movement for workers within the Community as regards, in particular, a network entitled EURES (European Employment Services), OJ L 274 , 06/11/1993 P. 0032 – 0042, October 1993 (93/569/EEC).

<sup>38</sup> Treaty on European Union.

<sup>39</sup> 1. mgr. 8. gr. Maastricht sáttmálans er svohljóðandi: Citizenship of the Union is hereby established. Every person holding the nationality of a Member State shall be a citizen of the Union.

## **Fjórða stækkunin 1995**

Finnland og Svíþjóð, áður stofnaðilar EES-samningsins ásamt Íslandi, Noregi og Liechtenstein, verða ásamt Austurríki aðilar að Evrópusambandinu. Aðildarríki Evrópusambandsins eru þá orðin 15 talsins.<sup>40</sup>

## **Schengen 1995**

Schengen samkomulagið sem undirritað var 1985 kemur til framkvæmda 26. mars 1995. Á þeim tímamótum eiga sjö ríki aðild að samkomulaginu en það eru Belgía, Frakkland, Þýskaland, Luxembourg, Holland, Portúgal og Spánn.

## **Útsendir starfsmenn 1996**

Tilskipun 96/71/EB um útsenda starfsmenn er samþykkt í árslok 1996.<sup>41</sup> Tilskipunin skýrir nánar réttarstöðu starfsmanna sem eru sendir af atvinnurekanda sínum til tímabundinna starfa til annarra aðildarríkja í tengslum við veitingu þjónustu. Tilskipunin mælir fyrir um að starfsmenn fyrirtækja sem sendir eru til starfa tímabundið til annarra aðildarríkja njóti sambærilegra starfskjara og launafólk sem starfar að jafnaði í gistiríkinu. Með starfskjörum er átt við ákvæði um hámarksvinnutíma og lágmarkshvíldartíma, lágmarksfjölda launaðra frídaga á ári, laun ásamt yfirvinnukaupi, heilbrigði, öryggi og hollustuhætti á vinnustað, verndarráðstafanir með tilliti til skilmála og skilyrði fyrir ráðningu barnshafandi kvenna eða kvenna sem hafa nýlega fætt barn, ráðningu barna og ungmenna og jafna meðferð karla og kvenna og önnur ákvæði um jafnræði.

Tilskipuninni er ætlað að stuðla að frjálsum viðskiptum með þjónustu yfir landamæri aðildarríkja á þann hátt að samkeppnisstöðu fyrirtækja sem þar eru fyrir sé ekki raskað með félagslegum undirboðum frá fyrirtækjum í láglaunaríkjum.

Tilskipunin er leidd í lög hér á landi árið 2001, sbr. lög nr. 54/2001, um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja.

## **Aðgerðaáætlun um frjálst flæði launafólks 1997**

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkir árið 1997 aðgerðaáætlun með vísan til tillagna sérfræðinganeftdar sem hafði verið falið það verkefni að fjalla um og skilgreina þær

---

<sup>40</sup> Aðild hinna nýju ríkja tekur gildi 1. janúar 1995.

<sup>41</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 96/71/EB frá 16. desember 1996 um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu.

hindranir sem ennþá stæðu í vegi fyrir frjálsu flæði einstaklinga milli aðildarríkja sambandsins.<sup>42</sup>

Áætlun framkvæmdastjórnarinnar hefur tvíþætt markmið.<sup>43</sup> Í fyrsta lagi skuli stefnt að endurskoðun þeirrar reglna sem gilda á sviði frjáls flæðis einstaklinga í því skyni að gera þær skýrari. Í öðru lagi skuli skapaður grundvöllur að öflugri og árangursríkari sameiginlegum vinnumarkaði á Evrópuvísu, m.a. með stuðningi hinnar sameiginlegu evrópsku vinnumiðlunar (Eures).

## **Amsterdam 1997**

Með Amsterdam sáttmálanum árið 1997 eru gerðar umtalsverðar breytingar á Sáttmála Evrópusambandsins sem var undirritaður í Maastricht árið 1992. Amsterdam sáttmálinn tekur gildi 1. maí 1999.

Á grundvelli Amsterdam sáttmálans er stór hluti Schengen samkomulagsins felldur undir grundvallarlög Evrópusambandsins og styður sú breyting enn frekar við rétt ríkisborgara sambandsins til frjálsrar farar milli aðildarríkjanna. Heimildir sambandsins til reglusetningar á eftirtöldum sviðum eru færðar saman undir nýjan kafla:

- frjáls för einstaklinga.
- eftirlit á ytri landamærum sambandsins.
- staða hælisleitenda, málefni innflytjenda og réttarstaða ríkisborgara þriðju ríkja.
- samvinna á dómstólasviðinu í almennum einkamálum.

Amsterdam sáttmálinn kynnir einnig til sögunnar ný ákvæði um bann við mismunun á grundvelli kynferðis, kynþáttar eða uppruna, trúarbragða eða skoðana, örorku, aldri eða kynhneigð.

## **Tampere 1999**

Á ráðherrafundi Evrópusambandsins í Tampere í október árið 1999 er lagður grunnur að stefnumótun sambandsins á sviði frelsis, öryggis og samstarfs í löggæslumálum.<sup>44</sup> Aðildarríkin staðfesta jafnframt ásetning sinn um að setja sameiginlegar málsmeðferðarreglur og skilgreiningar varðandi réttarstöðu hælisleitenda alls staðar innan sambandsins.<sup>45</sup>

<sup>42</sup> Þessi nefnd bar heitið "High Level Panel on Free Movement for Persons" og er undir forystu Simone Veil. Sjá nánar Green Paper on Obstacles to Transnational Mobility (1996) COM (1996) 462 final.

<sup>43</sup> An action plan for free movement of workers. Communication from the Commission. COM/97/0586 final.

<sup>44</sup> Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu Evrópuþingsins; [http://www.europarl.europa.eu/summits/tam\\_en.htm#a](http://www.europarl.europa.eu/summits/tam_en.htm#a)

<sup>45</sup> Presidency Conclusions. Tampere European Council, 15 and 16 October 1999. Council of the European Union. [http://ue.eu.int/ueDocs/cms\\_Data/docs/pressData/en/ec/00200-r1.en9.htm](http://ue.eu.int/ueDocs/cms_Data/docs/pressData/en/ec/00200-r1.en9.htm).

Hvað varðar réttarstöðu ríkisborgara þriðju ríkja sem búa og starfa löglega í aðildarríkjum sambandsins er því lýst yfir að tryggja verði þessum þegnum sanngjarna og réttláta málsmeðferð. Því er lýst yfir að bæta verði stöðu þeirra sem hafa dvalið langdvölum með löglegum hætti í aðildarríkjum sambandsins í því skyni að veita þeim sambærileg réttindi á við ríkisborgara viðkomandi ríkja. Jafnframt verði að stuðla að aukinni aðlögun þessara einstaklinga í ríkjum sambandsins um leið og berjast verði gegn kynþáttahyggju.<sup>46</sup>

## **Schengen – Ísland 2001**

Ísland gerist þátttakandi í Schengen samstarfinu ásamt hinum Norðurlandarríkjunum þann 25. mars 2001. Á þeim tíma eru fimmtán Evrópuríki þátttakendur í Schengen samstarfinu. Auk Íslands eru það Finnland, Svíþjóð, Danmörk, Noregur, Þýskaland, Belgía, Frakkland, Lúxemborg, Holland, Ítalía, Austurríki, Spánn, Portúgal og Grikkland.<sup>47</sup>

Í Schengen samkomulaginu felst að einstaklingar er ferðast um á Schengen svæðinu þurfa ekki að framvísa vegabréfum á innri landamærum aðildarríkja þess. Þess er hins vegar krafist að þeir sem ferðast á svæðinu hafi meðferðis gild persónuskilríki til að þeir geti sannað á sér deili hvenær sem krafist er.

Bretland og Norður-Írland standa utan við Schengen. Það þýðir að ekki þarf að framvísa vegabréfi til að komast í flug frá París til Aþenu en slíkt er hins vegar nauðsynlegt ef taka á Eurostar lestina frá London til Brussel.

## **Nice 2001**

Nice sáttmálinn er undirritaður 2001 og kemur til framkvæmda 1. febrúar 2003.<sup>48</sup> Með sáttmálanum eru gerðar ýmsar breytingar á stofnunum sambandsins og reglum er varða afgreiðslu mála, þ.m.t. mála á sviði frjálssar farar einstaklinga og dvalarréttinda. Skulu slík mál framvegis afgreidd í ráðherraráðinu með meirihlutaákvörðun (e. qualified majority) en áður þurfti samþykki allra aðildarríkja fyrir setningu nýrrar reglna eða breytingu eldra reglna á því sviði.<sup>49</sup> Reglur um aukinn meirihluta ná einnig til málefna hælisleitenda og flóttamanna (e. asylum and refugees) og til samvinnu aðildarríkja í dómsmálum á sviði einkamála er hafa tengsl yfir landamæri ríkja, að undanskildum fjölskyldumálum.

---

<sup>46</sup> Yfirlýsing fundarins, 18. liður.

<sup>47</sup> Fréttatilkynning Dómsmálaráðuneytis nr. 14/ 2001.

<sup>48</sup> Upplýsingasíða Evrópusambandsins um Nice sáttmálann: [http://europa.eu.int/comm/nice\\_treaty/index\\_en.htm](http://europa.eu.int/comm/nice_treaty/index_en.htm)

<sup>49</sup> Breytingar er varðar afgreiðslu mála á grundvelli meirihlutaákvörðunar taka gildi 2005.



## **Laeken 2001**

Á fundi ráðherra Evrópusambandsins í bænum Laeken í Belgíu í desember 2001 er rætt um nauðsyn þess að Evrópusambandið setji sér stefnu í málefnum innflytjenda og að nauðsynlegt sé að auka til muna aðgerðir er miði að samþættingu hennar á vettvangi Evrópusambandsins. Á fundinum er ákveðið að sambandið skuli vinna að eftirfarandi málum:<sup>50</sup>

- Aðgerðaráætlun á grundvelli greinargerðar framkvæmdastjórnarinnar um stöðu ólöglegra innflytjenda og smygls á fólki.
- Uppsetningu kerfis til að miðla upplýsingum milli aðildarríkja Evrópusambandsins um málefni hælisleitenda, innflytjendamál og upprunaríki.
- Innleiðingu kerfis þar sem fingraför hælisleitenda og ólöglegra innflytjenda eru borin saman, Eurodac.
- Gerð sameiginlegra viðmiðana varðandi málsmeðferð við afgreiðslu umsókna um hæli, fjölskyldusameiningu, þ.m.t. reglur um flýtimeðferð slíkra mála.
- Aðgerðaráætlunar til að berjast gegn mismunun og kynþáttahatri.<sup>51</sup>

## **Evrán 2002**

Þann 1. janúar 2002 tekur Evrópusambandið í notkun sameiginlegan gjaldmiðill, Evru.<sup>52</sup> Tólf aðildarríki sambandsins taka upp Evruna sem sinn gjaldmiðil en það eru Austurríki, Belgía, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Luxembourg, Spánn, Portúgal og Þýskaland.

Aðildarríki Evrópusambandsins sem standa fyrir utan Evru-svæðið eru Bretland, Danmörk og Svíþjóð.

## **Sviss 2002**

Samningur milli Sviss og Evrópusambandsins um frjálsa för einstaklinga er undirritaður 1. júní 2002 og kemur til framkvæmda 1. júní 2004, með fyrirvara um 12 ára aðlögunartíma.<sup>53</sup> Í samningnum er fjallað um frjálsa för, gagnkvæma viðurkenningu starfsréttinda, réttarstöðu ríkisborgara EFTA-ríkja og almannatryggingar.

<sup>50</sup> European Council meeting in Laeken: Presidency Conclusions. 14 and 15 December 2001. 00300/1/01. Sjá nánar IV. kafla Strengthening the area of Freedom, Security and Justice. Sjá einnig: New European Labour Markets open and accessible to all by 2005. COM(2001) 116 final.

<sup>51</sup> Sjá nánar upplýsingasíðu sambandsins um Laeken: [http://europa.eu.int/constitution/futurum/documents/offtext/doc151201\\_en.htm](http://europa.eu.int/constitution/futurum/documents/offtext/doc151201_en.htm)

<sup>52</sup> Upplýsingasíða Evrópusambandsins um Evruna: <http://europa.eu.int/euro/>

<sup>53</sup> Sjá nánar: <http://www.ch.ch/schweiz>

## **Ríkisborgarar þriðju ríkja 2003**

Í nóvember 2003 er samþykkt tilskipun um réttarstöðu ríkisborgara þriðju ríkja sem búið hafa langdvölum í einhverju aðildarríkja sambandsins (e. long-term residents).<sup>54</sup> Tilskipunin færir í lagalegan buning þá stefnumótun sem samþykkt var í Tampere, þess efnis að aðildarríkin skuli aðlaga réttindi ríkisborgara þriðju ríkja þeim réttindum sem gilda um réttindi eigin ríkisborgara.

Tilskipunin vísar til þeirrar venju í aðildarríkjum sambandsins að dvalartími skuli hafa bein áhrif á réttarstöðu hlutaðeigandi einstaklings.

Ríkisborgara þriðju ríkja sem vilja öðlast réttarstöðu á grundvelli langtímadvalar sinnar í aðildarríki verða að færa sönnur á að þeir geti framfleytt sér og hafi fest kaup á sjúkdómatryggingu. Þessi skilyrði eiga að tryggja að viðkomandi einstaklingar verði ekki byrði á hlutaðeigandi aðildarríkjum. Þá gerir tilskipunin ráð fyrir því að aðildarríki geti krafist þess að þessi hópur gangist undir skilyrði er varða aðlögun þeirra að samfélaginu.

Á milli 13 og 14 milljónir íbúa í ríkjum Evrópusambandsins eru ríkisborgarar þriðju ríkja en sú tala jafngildir um 4% heildaríbúafjölda sambandsins. Talað er um að meira en 10 milljónir einstaklinga úr þessum hópi muni njóta góðs af innleiðingu tilskipunarinnar í aðildarríkjum sambandsins.<sup>55</sup>

Frestur aðildarríkjanna til að innleiða ákvæði tilskipunarinnar í sinn landsrétt rann út 23. janúar 2006.<sup>56</sup>

---

<sup>54</sup> Directive 2003/109/EC of 25 November 2003 concerning the status of third-country nationals who are long-term residents. Sjá einnig Council Regulation (EC) No 1030/2002 of 13 June 2002 laying down a uniform format for residence permits for third-country nationals.

<sup>55</sup> Consultation on Migration Policies vis-à-vis Third countries. Communication of the Commission to the Council. COM(79) 115. Brussels, 23 March 1979.

<sup>56</sup> Tilskipunin er ekki merkt "EES-relevant" af hendi framkvæmdstjórnarinnar Evrópusambandsins og því líklegt að hún falli ekki undir gildissvið EES-samningins.

## IV. hluti (2004- )

Þann 1. maí 2004 bættust 10 ríki við í hóp aðildarríkja Evrópusambandsins sem er stærsta stækkun sambandsins frá upphafi. Við stækkunina bættust 75 milljónir við íbúafjölda Evrópusambandsins.

Samkomulag verður um að heimila aðildarríkjum sambandsins að fresta samkvæmt ákveðnu fyrirkomulagi gildistöku reglna um frjálsa för launafólks frá hinum nýju aðildarríkjum. Gera þessar reglur ráð fyrir rétti hvers aðildarríkis til að fresta gildistöku um allt að 7 ár (2+3+2) eða allt til 1. maí 2009. Þýskaland og Austurríki eru í dag einu aðildarríki sambandsins sem hafa enn í gildi ákvæði er fresta gildisstöku þessara reglna.

Ísland ákveður frestun á gildistöku reglna um frjálsa för launafólks í tvö ár eða fram til 1. maí 2006. Alþýðusambandið leggur áherslu á að þessi tími sé notaður til að treysta stoðir vinnumarkaðarins, þ.m.t. með samþykkt reglna til að sporna gegn félagslegum undirboðum.

Í apríl 2005 eru undirritaðir samningar um aðild Búlgaríu og Rúmeníu að Evrópusambandinu. Ráðgert er að aðild þeirra að sambandinu komi til framkvæmda 1. janúar 2007.

Nýjar tilskipanir líta dagsins ljós á þessu tímabili sem sameina og uppfæra efni tilskipana á sviði dvalaréttinda annars vegar og viðurkenningar starfsréttinda hins vegar. Þessar tilskipanir hafa það að markmiði að treysta enn frekar réttindi ríkisborgara aðildarríkjanna til að atvinnuþátttöku og dvalar í öðrum aðildarríkjum sambandsins.

Evrópusambandið tileinkar árið 2006 hreyfanleika launafólks innan Evrópu.

## **Ný tilskipun um dvalarleyfi 2004**

Í apríl 2004 er samþykkt tilskipun um réttindi ríkisborgara Evrópusambandsins og fjölskyldumeðlima þeirra til að ferðast og dvelja að vild innan Evrópusambandsins. Með þessari tilskipun eru færðar undir eina tilskipun reglur sem áður var að finna í fjölmörgum eldri sértilskipunum á þessu sviði, auk þess sem hún tekur mið af túlkunum Evrópudómstólsins á þessu sviði.<sup>57</sup>

Tilskipunin kveður á um að þegar ríkisborgari aðildarríkis dvelur skemur en þrjá mánuði í öðru aðildarríki skuli einungis gerð krafa um að hann hafi gild persónuskilríki á sér. Þá er afnumin sú krafa að ríkisborgari sem dvelur lengur en þrjá mánuði í öðru aðildarríki þurfi að afla staðfestingar á dvalarrétti sínum (e. residence card). Í stað þess kemur krafa um skráningu í þjóðskrá viðkomandi ríkis. Þá kynnir tilskipunin til sögunnar reglur er mæla fyrir um rétt ríkisborgara til varanlegrar dvalar eftir fimm ára samfellda búsetu í gistiríkinu. Um leið er viðkomandi einstaklingi tryggt fullkomið jafnrétti á við ríkisborgara gistiríkisins.

Réttindi fjölskyldumeðlima eru víkkuð og skilgreind betur auk þess sem mælt er fyrir um rétt maka til áframhaldandi dvalar í aðildarríki eftir skilnað eða sambúðarslit.

Tilskipunin gerir áfram þá kröfu að ríkisborgarar verði annað hvort að stunda atvinnu sem afli þeim tekna eða þeir geti sýnt fram á að þeir geti séð sér farborða og hafi fest kaup á sjúkratryggingu þannig að þeir verði ekki fjárhagsleg byrði á gistiríkinu.

Frestur aðildarríkja til að innleiða ákvæði tilskipunarinnar rann út 30. apríl 2006. Tilskipunin fellur að öllum líkindum undir EES-samninginn, a.m.k. að hluta til, en formleg ákvörðun um það efni hefur þó ekki verið tekin.

## **Fimmta stækkunin 1. maí 2004**

Í maí 2004 bætast tíu ríki við í hóp aðildarríkja Evrópusambandsins. Þetta eru Kýpur, Malta, Pólland, Ungverjaland, Eistland, Lettland, Litháen, Slóvakía, Slóvenía og Tékkland.<sup>58</sup>

Með aðild þessara ríkja bætast 75 milljónir manns við íbúafjölda Evrópusambandsins sem verður um 455 milljónir eftir þessa stækkun. Skilyrði fyrir aðild að Evrópusambandinu er að umrædd ríki uppfylli eftirfarandi skilyrði: (1) lýðræði, réttarríki, mannréttindi og virðing fyrir minnihlutahópum, (2) efnahagslíf sem byggir á lögmálum markaðsbúskapar og (3) hæfi til að takast á við þær skuldbindingar sem fylgja aðild að Evrópusambandinu, þ.e. að innleiða í landsrétt sinn og tryggja eftirfylgni með lögum sambandsins og stefnumálum þess.

<sup>57</sup> Directive 2004/38/EC of the European Parliament and of the Council of 29 April 2004 on the right of citizens of the Union and their family members to move and reside freely within the territory of the Member States amending Regulation (EEC) No 1612/68 and repealing Directives 64/221/EEC, 68/360/EEC, 72/194/EEC, 73/148/EEC, 75/34/EEC, 75/35/EEC, 90/364/EEC, 90/365/EEC and 93/96/EEC.

<sup>58</sup> Kýpur og Malta sóttu um aðild 1990, Pólland og Ungverjaland 1994, Eistland, Lettland, Litháen og Slóvakía 1995 en Slóvenía og Tékkland 1996.

## **Ísland og fimmta stækkun Evrópusambandsins**

Alþýðusambandið leggur til í janúar 2004 að Ísland nýti 2 ára aðlögunarfrest vegna gildistöku reglna um frjálsa för launafólks frá hinum nýju aðildarríkjum. Vorið 2004 eru samþykktar breytingar á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum um atvinnuréttindi útlendinga, þar sem stækkun vinnumarkaðarins gagnvart átta af hinum tíu nýju aðildarríkjum Evrópusambandsins er frestað til 1. maí 2006. Alþýðusambandið styður þessa breytingu og leggur um leið áherslu á mikilvægi þess að tíminn til 1. maí 2006 verði nýttur sem best til að undirbúa íslenskan vinnumarkað og samfélagið allt undir stækkun vinnumarkaðarins og mögulegar afleiðingar hans hér á landi.

Í mars 2004 gera Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins með sér samkomulag um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Þessu samkomulagi er veitt almennt gildi á íslenskum vinnumarkaði með lögum nr. 145/2004.<sup>59</sup> Í samkomulaginu segir að í þeim tilvikum þar sem rökstuddur grunur er um brot gegn kjarasamningi eða lögum sem varða starfskjör erlends launafólks hefur trúnaðarmaður á grundvelli samkomulagsins rétt á að yfirfara gögn um laun eða önnur starfskjör viðkomandi atvinnurekanda og eftir því sem við á um starfsréttindi þeirra sem eru í störfum sem slíkra réttinda er krafist.

Ef trúnaðarmaður ekki á vinnustað þar sem erlendir starfsmenn vinna hefur fulltrúi viðkomandi stéttarfélags sömu heimildir og trúnaðarmaður til að yfirfara gögn og ber sömu skyldur. Ef ekki tekst að leysa ágreining sem kann að rísa á grundvelli samkomulagsins er heimilt að vísa þeim ágreiningi til sérstakrar samráðsnefndar Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Nefndin hefur heimild til að krefjast nauðsynlegra gagna frá viðkomandi atvinnurekanda um laun og önnur starfskjör þeirra erlendu starfsmanna sem málið varðar og eftir því sem við á um starfsréttindi þeirra.

## **Samningar um aðild nýrra ríkja 2005**

Í apríl 2005 eru undirritaðir samningar um aðild Búlgaríu og Rúmeníu að Evrópusambandinu. Ráðgert er að aðild þeirra að sambandinu komi til framkvæmda 1. janúar 2007.

## **Viðurkenning starfsréttinda 2005**

Evrópusambandið samþykkir í september 2005 almenna tilskipun um viðurkenningu starfsréttinda.<sup>60</sup> Tilskipunin kemur í stað 15 eldri tilskipana á þessu sviði; þriggja tilskipana er mæla fyrir um almennt kerfi til viðurkenningar starfsréttinda (þ.e. 89/48/EB, 92/51/EB og 1999/42/EB) og 12 sértilskipana er fjalla um viðurkenningu starfsréttinda innan eftirtalinna sjö

<sup>59</sup> Lög nr. 145/2004 um breytingu á lögum nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

<sup>60</sup> Directive 2005/36/EC of the European Parliament and of the Council of 7 September 2005 on the recognition of professional qualifications.

starfsgreina (læknar, hjúkrunarfræðingar í almennri hjúkrun, tannlæknar, dýralæknar, ljósmæður, arkitektar og lyfjafræðingar).

Tilskipunin kveður á um skyldu aðildarríkja til að viðurkenna að fullnægðum ákvæðum skilyrðum starfsréttindi sem launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar hafa aflað í sínu heimaríki sínu. Meðal nýmæla í tilskipuninni er sú aðgreining sem gerð er milli þeirra sem starfa í öðrum ríkjum tímabundið samkvæmt reglum um veitingu þjónustu annars vegar og þeirra sem þar starfa með varanlegri hætti samkvæmt reglum um staðfesturétt hins vegar.

Aðildarríkin hafa frest til 20. október 2007 til að taka ákvæði hennar upp í sinn landsrétt. Tilskipunin fellur undir EES-samninginn og verður því innleidd hér á landi.

### ***Innflytjendur með sérþekkingu 2005***

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gefur í desember 2005 út það álit að leggja verði aukna áherslu á að opna vinnumarkaði aðildarríkjanna fyrir háskólamenntuðu fólki og fólki með sérmenntun frá ríkjum utan sambandsins.

Auk þess að leggja til að þessum hópi verði gert auðveldara um vik að setjast að í aðildarríkjum sambandsins er lagt til að samevrópsk atvinnuleyfi verði tekin í notkun er gildi fyrir ríkisborgara þriðju ríkja í öllum aðildarríkjum sambandsins. Einnig er lagt til að ríkisborgurum þriðju ríkja sem í dag starfa á vegum evrópskra fjölþjóðafyrirtækja verði gert auðveldara með að ferðast og starfa í útibúum þeirra hvar sem er í aðildarríkjum sambandsins.<sup>61</sup>

### ***Ár hreyfanleika launafólks 2006***

Evrópusambandið tileinkar árið 2006 hreyfanleika launafólks innan Evrópu.<sup>62</sup> Árinu er formlega hleypt af stokkunum í febrúar með ráðstefnu sem ber yfirskriftina "Workers' Mobility: a right, a choice, an opportunity?"<sup>63</sup> Af þessu tilefni er opnuð ný heimasíða hinnar sameiginlegu evrópsku vinnumiðlunar (Eures). Nokkrar ráðstefnur um þetta efni eru skipulagðar, þ.m.t. á Íslandi, sem efla eiga umræðu og þekkingu fólks og fyrirtækja á þeim möguleikum sem hinn sameiginlegi vinnumarkaður hefur að bjóða.

<sup>61</sup> Sjá nánar: Communication from the Commission. Policy Plan on Legal Migration Brussels, 21.12.2005. COM(2005) 669 final. Sjá einnig: Green Paper of 11 January 2005 on an EU approach to managing economic migration COM(2004) 811.

<sup>62</sup> The Year for Workers' Mobility 2006. Þess má geta að Framkvæmdastjórn sambandsins hefur gert tillögu um að árið 2007 verði tileinkað markmiðinu 'European Year of Equal Opportunities for All'.

<sup>63</sup> [http://europa.eu.int/comm/employment\\_social/workersmobility2006/](http://europa.eu.int/comm/employment_social/workersmobility2006/)